

**Nd.**

**358. Frumvarp til laga**

[174. mál]

um breyting á lögum nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

**1. gr.**

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfógetaembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti, tollstjóraembætti svo og rannsóknarlögregla ríkisins.

**2. gr.**

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Undir sakadómaraembættið í Reykjavík heyra m. a. opinber mál, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 74/1974, barnsfaðernismál, uppkvaðning lögheimilisúrskurða svo og uppkvaðning meðlagsúrskurða og úrskurða samkvæmt lögum um innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971.

**3. gr.**

5. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórinn í Reykjavík fer með lögreglustjórn aðra en stjórn rannsóknarlögreglu ríkisins, strandmál, útlendingaeftirlit, útgáfu vegabréfa, framkvæmd refsisdóma, umsjón fangelsa í Reykjavík og önnur þau mál, er lög ákveða. Starfssvið rannsóknarlögreglu ríkisins er ákveðið með sérstökum lögum.

**4. gr.**

10. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra úrskurðar, að öðru leyti en lög ákveða, hver störf skuli lögð undir embætti þau, sem nefnd eru í lögum þessum.

**5. gr.**

Aftan við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins skal fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 2. gr. laga um rannsóknarlögreglu ríkisins.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Breytingar þær, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir á lögum um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl. eru nauðsynlegar, ef frumvarp um rannsóknarlögreglu ríkisins verður að lögum. Helsta breytingin er sú, að lögreglustjóranum í Reykjavík verður falin framkvæmd refsisdóma og umsjón hegningarhúss í Reykjavík í stað yfirsakadómara, sem ekki fer lengur með stjórn rannsóknarlögreglu, ef það frumvarp verður að lögum. Að öðru leyti þarfnast frumvarpið ekki skýringa.